


NÁMSKRA'

Leikskólinn




Ægisborg

2012

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Leiðarljós Ægisborgar.....	5
Grunnþættir menntunar.....	5
Hugmyndafræði leikskólans og áherslur.....	7
LEIÐUR.....	9
LEIÐUR OG SKÓPUN.....	10
LÆSI.....	11
HREYFING.....	14
LÝÐRÆÐI.....	16
STJÁLFBÆRNI.....	18
.....	18
Samstarfsaðilar og tengsl skólastiga.....	18
Samstarf við foreldra.....	19
Samstarf við grunnskóla.....	21
Sérkennsla.....	22
Mat á starfi Ægisborgar.....	22
Ytra og innra mat.....	23
Ferilmöppur.....	23
Matsáætlun Ægisborgar 2015-2018.....	25
Starfsmannastefna.....	26
Daglegt líf og dagskipulag.....	26
Hagnýtar upplýsingar.....	27





Ægisborgarbragurinn

Áfram allir í leik

Ég syngjandi lalla í leikskólann minn.

-Áfram allir í leik.

Í borginni engan stað betri ég finn.

-Áfram nú krakkar allir í leik.

Í hvíldinni lúri við lestur í bók.

-Áfram allir í leik.

Og læri svo vísu um vesti og brók.

-Áfram nú krakkar allir í leik.

Úr frostinu hlæjandi hlaupum við inn.

-Áfram allir í leik.

En langbest er valstund og vinurinn minn.

-Áfram nú krakkar allir í leik.

Við klifrum og rannsökum kvisti og brum.

-Áfram allir í leik.

Á vorin er fallett í Vesturbænum.

-Áfram nú krakkar allir í leik.

Mig ungan á höndum sér hamingjan bar.

-Áfram allir í leik.

Er aftur ég hugsu til Ægisborgar.

-Áfram nú krakkar allir í leik.





Inngangur

Leikskólinn Ægisborg er rekinn af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 1994 og reglugerð við þau lög frá 1995. Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og í samræmi við það hefur verið gefin út aðalnámskrá leikskóla (2011) sem er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum. Það er markmið og leiðarljós Skóla- og frístundasviðs að í leikskólum borgarinnar sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum, byggt upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra og í leikskólanum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk. Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta uppeldisstefnu í samráði við foreldra og börn. Stefnan skal byggjast á sameiginlegri hugmyndafræði starfsfólks og ytri aðstæðum hvers leikskóla.

Námskrá Ægisborgar er unnin út frá hugmyndum starfsfólks og rituð af skólastjórnendum.

Foreldraráð kom að yfirllestri markmiða og heildarumsögn um námskrána. Aðkoma barna að



námskránni felst í því að markvisst er unnið með hugmyndir þeirra í starfinu. Þau eru spurð, fá að velja og taka ákvarðanir um ýmislegt sem viðkemur daglegu lífi og uppákomum. Námskráin á að vera í sífældri skoðun og geta börn, foreldrar og starfsfólk hlutast til um breytingar á henni.




ÆGISBORG

Leikskólinn Ægisborg tók til starfa í janúar 1982 og þá sem þriggja deilda skóli. Síðar bættist fjórða deildin við með færanlegu kennslurými sem staðsett er á leikskólalóðinni. Deildirnar heita Kot, Fjörudeild, Bárudeild og Öldudeild og þar eru samtals 84 börn. Yngri börnin eru í Koti og á Fjörudeild og þau eldri á Bárudeild og Öldudeild.

Leikskólinn Ægisborg
Ægisíðu 104
107 Reykjavík
S: 551 4810
Netfang aegisborg@reykjavik.is
Heimasíða www.aegisborg.is

Leikskólastjóri: Sigrún Birgisdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri: Ásmundur K. Örnólfsson



Merki Ægisborgar




NÁMSKRA' ÆGISBORÐAR

NJÓTUM LÍFSINS

Leiðarljós Ægisborgar

Í Ægisborg er kappkostað að hafa *menntandi umhyggju* að leiðarljósi. Í því felst að börn, starfsfólk og foreldrar mynda sameiginlegt lærdómssamfélag, þar sem borin er virðing fyrir mismunandi þörfum, uppruna, skoðunum, áhuga og getu hvers og eins. Styrkleikar hvers og eins fá notið sín um leið og einstaklingarnir fá hvatningu, leiðsögn og stuðning þar sem við á hverju sinni. Gleði, leikur og virðing eru lykilatriði í leikskólastarfinu og markmiðið er að allir fái notið lífsins og stundarinnar.

Ég syngjandi lalla í leikskólann minn,
áfram allir í leik.
Í borginni engan stað betri ég finn.
Áfram nú krakkar allir í leik!
(Úr Ægisborgarbragnum)



Grunnpættir menntunar

Með grunnpáttum menntunar eru einstaklings- og samfélagsmiðuð gildi almennrar menntunar skilgreind sem grunnpættir og fléttast þeir inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum. Allir starfshættir skóla (leikur og nám) eiga að mótast af grunnpáttunum og þeim hugmyndum sem verða til við umfjöllun um þá.

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru grunnpættirnir sex talsins: *Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði, jafnrétti og sköpun.*

Læsi: Meginmarkmið læsis er að börn og ungmenni séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn. Þau skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þau fá lesið úr aðstæðum og táknum. Í því ferli er aðstoð annarra afar mikilvæg, svo



sem jafnaldra, foreldra og kennara. Þótt hugmyndir manna um læsi hafi breyst með tilkomu nýrrar tækni og miðla hefur ekki dregið úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi.


Sjálfbærni: Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að umhverfinu sé skilað til afkomendanna í ekki lakara ástandi en tekið var við því. Leitast er við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða.

Lýðræði og mannréttindi: Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að gæta þess að innviðir skólastarfsins byggi á lýðræðisgildum og að börnin fái að æfa sig í lýðræðishlutverkinu. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir öðrum og unnið að þekkingu, en gegn fordómum.

Jafnrétti: Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess, í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina jöfnuð frá mismunun og láta sig málefnin varða. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi vegna aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis eða þjóðernis.

Heilbrigði og velferð: Heilbrigði byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Sköpun: Sköpun felst í því að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er ferli frekar en útkoma, sem snýst um að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.



Hugmyndafræði leikskólans og áherslur

-Allur fjársjóður heimsins býr í hversdagsleikanum því lifið sjálft samanstendur af svo mörgum hversdagslegum atburðum. Galdurinn felst í því að gefa sér tækifæri og tíma til að upplifa, sjá og skynja. Horfa til dæmis á spegilmyndina í pollinum þar sem heimurinn snýr upp og niður, húsin og við sjálf. Þvilik uppspretta til leikja og fræðilegra uppgötvana. Segja má að ekkert sé svo lítið eða svo ómerkilegt að ekki taki því að skoða það nánar. (Loris Malaguzzi)

Námssvið Aðalnámskrár leikskóla eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Ægisborg vinnur að öllum námssviðum, en sérstök áhersla er á læsi og samskipti og heilbrigði og vellíðan, auk þess sem mikil rækt er lögð við lýðræði. Sjaldnast er unnið með einn þessara þátta í einu, heldur er leitast við að samþætta starfið eins og kostur er.



Í Ægisborg er höfuðmarkmið leikskólastarfsins að *njóta lífsins*. Leitast er við að skapa jákvætt og skemmtilegt *lærdómssamfélag* barna og fullorðinna. Leikur er besta námsleið æskuáranna og eftirsóknarverður þáttur barnamenningar, svo velflest sem gert er í Ægisborg verður

að leik. Að tilheyra stórum hópi og þekkja sjálfan sig innan hans er manneskjunni mikilvægt og stórt viðfangsefni. Í Ægisborg gefast fjölmörg tækifæri til að vera virkur þátttakandi í lifandi samfélagi. Það gera börnin meðal annars með því að hlæja saman, hugga, hrósa, leika, þora, fá lánað, taka tillit, ræða saman, taka ákvarðanir, gera tilraunir og svo framvegis. Í félagsleikjum læra börn að virða aðra og kynnast því margslungna hugtaki lýðræði, sem þjóðfélag okkar byggir á, en umfram allt treysta þau vinaböndin. Vinátta sem mótast í æsku getur varað alla ævi og er dýrmæti.

GLEDi

VIRADING




Skólasamfélagið í

Ægisborg byggir á frjálsri
tjáningu, virkri hlustun,
opnum spurningum og
umfram allt orðgnótt,
þar sem leitast er eftir að
börn og fullorðnir ræði
sem oftast saman. Mál
og hugsun eru samofin
fyrirbæri, en auðugt
ímyndunarafl getur
hjálpað til við að skynja
raunveruleikann með
því að leysa hann upp og

endurskapa, þ.e. með því að leika sér með mál og nota það á skapandi hátt. Hlutverk
kennarans er að hvetja börnin til að glíma við erfiðari verkefni í dag en í gær og byggja þannig
ofan á vitneskjuna sem varð til með fyrri reynslu. Menntandi umhyggja er leiðarljós
kennaranna í því starfi.

Samstarf foreldra og kennara byggir á gagnkvæmri virðingu og trausti. Gott upplýsingaflæði
milli heimilis og skóla styður uppeldi og nám á báðum stöðum. Oft þarf samræðu til að finna
leið sem hentar hvort tveggja einstaklingnum og hópnum - heimili og skóla. Viðburðir í
leikskólalífinu, þar sem foreldrar staldra við í leikskólanum, eru kjörnir til að rækta tengslin og
skapa betri skilning milli tveggja ólíkra heima. Ferilmappa barnanna gegnir lykilhlutverki í því
að sýna fram á hvað barnið aðhefst í leikskólanum og þegar barnið kveður á lokaári á það
gagngóða heimild um æsku sína; hvað það gerði í leikskólanum. Dagbók og póstkassi, sem eru
á hverri deild, gegna einnig veigamiklu hlutverki við að flétta heimamenningu barns við
leikskólalífið, en bréf að heiman skapar fjölmörg tækifæri til að kynnast höfundu bréfs betur,
dýpka reynsluheim barnanna og auðvelda þeim að setja sig í spor annarra.

Fyrir hvert starfsár setur leikskólinn sér *starfsáætlun* og af henni má ráða áherslur starfsins,
niðurstöður mats fyrra árs og umbóta- og matsáætlun. Starfsáætlanir Ægisborgar er að finna á
heimasíðunni undir hnappnum *Leikskólinn – Stefna og starfsáætlun*.



Ægisborg hefur nokkrum sinnum hlotið Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundasviðs. Fyrir verkefnið *Hreyfing, leikur, heilsubót – samstarf Ægisborgar og KR* árið 2010, fyrir verkefnið *Sérkennsla í Ægisborg* 2012, fyrir *Vesturbæjarfléttuna* 2013 og aftur fyrir sérkennslu árið 2014.

LEIKUR

Í Ægisborg er fullyrt að fátt sé manneskjunni betra vegnesti út á vettvang árána en sá undirbúningur sem skapast í glaðværum leik í vinfengi jafnaldra. Í æ flóknari veröld, hvar einstaklingurinn þarf að fóta sig í oft ófyrirsjáanlegum aðstæðum, eru félagsleikir bestu æfingabúðir sem völ er á. Um leið og bent er á mikilvægi leiksins fyrir manneskjuna síðar, er andráin og stundin það mikilvægasta sem leikskólabarnið á. Þá og þar er líðanin og lærdómurinn – þá og þar er bernskan, sem þarf að einkennast af *gleði* og *virðingu*. Stundum er sagt að leikur sé lífstjáníng barns.

Markmið Ægisborgar:

- Höfuðþrýði Ægisborgar er leikurinn, þar sem leikur og bernska verða ekki aðskilin. Meginviðfangsefni leikskólans er að skapa þær aðstæður að börnin njóti bernskunnar í leik.
- Í Ægisborg er gengið út frá því að börn læra best í leik og þurfa því öll viðfangsefni leikskólans að taka mið af því. Leikurinn er þá hvort tveggja í senn markmið og leið.
- Leikur er leiðandi afl í áherslum Ægisborgar, sem eru auk leiksins, læsi, hreyfing og lýðræði.



Í Ægisborg eru leikur og nám ekki aðskilin hugtök, heldur þvert á móti skarast þau og stundum vart greint á milli þeirra. Í Ægisborg er litið á leik sem einn grunnþátt menntunar. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir:

„Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.“



Í félagslegum leikjum, svo sem hlutverkaleik, læra börnin á rétt og rangt og hvaða viðmið og hvaða siðir gilda í samveru fólks. Í umhverfi leiksins lærist samkennd og vinátta og þar mótast lýðræðisvitund barna. Í þykjustuleiknum glíma börnin við flókin táknerfi sem þau sammælast um og virða. Það að vinna með huglæg tákni er mikil hugarleikfimi –sérstaklega þegar barnið fær með engu móti þreifað á þeim eða líkindi þeirra. Hvernig lítur sanngirni út? Hver eru tengsl orðanna við lífið sjálft?

Í Ægisborg eru farnar margar leiðir til að skapa börnum þá leikveröld sem æska þeirra á hvort tveggja skilið og rétt á. Leikir geta verið frjáltsari, eins glögg má verða vitni að á útisvæði, eða bundnari af efnivið og regluverki eins og til að mynda í spilahorni.

Á yngri deildum Ægisborgar, Fjörudeild og Koti, kynnast börnin könnunarleik. Könnunarleikur felst í því að lítill hópur barna er saman í afmörkuðu rými þar sem boðið er upp á mikinn fjölda ólíkra hluta til að leika með. Börnin leika sér og rannsaka efniviðinn án afskipta hins fullorðna sem er til staðar, fylgist með og skráir.



LEIÐUR OG SKÖPUN

Leikurinn er þungamiðja starfsins í Ægisborg og leið að menntun og þroska. Lögð er áhersla á að börnin verði virk og skapandi í leik. Sköpun, leikur og ímyndun eru hugtök sem erfitt er að slíta hvert frá öðru. Í Ægisborg eru börn og fullorðnir hvött til að gefa ímyndun lausan tauminn um leið og reynslan og raunheimurinn er haldbesti kennarinn. Leikferlið skiptir máli en ekki útkoman og forvitni, ímyndun, sköpunargleði og frumleg hugsun ræður ríkjum. Börn njóta þess að uppgötva á eigin hraða eftir leiðum leiksins.

Opnar spurningar, sem hvetja til samræðu, gegna lykilhlutverki í allri nálgun skapandi starfs. Sköpun er ekki bundin við pensil eða blýant, heldur birtist hún ekki síður í orðræðu, leik og annarri hversdagslegri iðju barnanna, sem leikur með möguleika. Forvitni um og rannsókn á hlutum og náttúru og umhverfi í anda vísinda vekja ánægju og leiða til þekkingar.

„Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. ... Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín.“ (Aðalnámskrá leikskóla bls. 22)





Ímyndunaraflíð er skapandi aðferð við að tileinka sér heiminn á nýjan hátt; með því að sjá og skilja opnast nýjar leiðir á hinu óþekkta og óvissa. „Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.“ (Aðalnámskrá leikskóla, bls. 22)

LÆSI

Hvert er samband orða og raunveruleika? *Læsi og skilningur eru félagsleg fyrirbæri* og verða til þegar lögð er merking í tákni sem samfélagið skapar í sameiningu. Uppeldi og kennsla barns felur í sér að hjálpa því við glímuna við að leggja skilning í tákni og þar eru orð áberandi viðfangsefni. Víðtæk reynsla og styðjandi samræður þar um, hjálpar barni til skilnings. Barn sem hefur komið í fjárhús, togara eða fjöru, veit betur hvað felst í þeim orðum, en sá sem ekki hefur reynt á eigin skinni. Í Ægisborg er lögð áhersla á að skapa sameiginlega reynslu sem hægt er að vinna og leika með. Samvinna leikskóla og foreldra, svo sem með bréfum að heiman og heimsóknir á vinnustaði, getur auðgað tilveru barnahópsins til muna.



Læsisstefna Skóla- og frístundasviðs, *Lesið í leik*, er kærkomin Ægisborgurum og starfshættir leikskólans ríma vel við inntak stefnunnar. Þeir stefnuþættir sem birtast í *Lesið í leik* eru skólastarfi Ægisborgar hvatning og aðhald og þar er námsvegurinn lagður. Markvisst er unnið að bernskulæsi (e. *emergent literacy*), en það er sú færni, þekking og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar (*Lesið í leik*, bls. 3).



Læsismarkmið Ægisborgar eru þessi:

- Að börnin öðlist skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu, sem gegnir veigamiklu hlutverki í samskiptum.
- Að börnin læri að lesa í umhverfi sitt og menningu, séu virkir þátttakendur í samfélaginu og kunni að taka lýðræðislegar ákvarðanir.
- Að börnin verði læs á samskipti og tilfinningar og geti tjáð skoðanir sínar.
- Að börnin kynnist notkun ólíkra miðla í leik og námi.
- Að börnin umgangist bækur af virðingu og njóti þess að hlusta á sögur og ljóð.



Í Ægisborg er markvisst unnið með ritmálsörvun og málrækt í leik. Starfshætti og starfsaðferðir má rekja til þróunarverkefnisins *Leikur og ritmál* frá 1993-1995. Byggir það meðal annars á rannsóknum á börnum sem urðu snemma læs án beinnar kennslu. Stuðst er við þær kenningar að talmál, lestur og skrift séu samverkandi þættir sem styðja hver annan og að reynsla barns af lestri og skrift í sínu nánasta umhverfi hafi mótandi áhrif á hugmyndir barnsins um læsi og ritmál. Umhverfið í leikskólanum ber áherslunni á læsi víða merki og þátttaka foreldra er mikilvæg.

Ritmálsmarkmiðin eru:

- Að koma til móts við áhuga barna á ritmáli.
- Að styrkja tengsl leiksins við ritmál og læsi.
- Að börnin upplifi tilgang og gildi ritmáls og læsis til gagns og gleði.

Reynsla og upplifun barna er óþrjótandi efniviður til að efla læsi. Frásagnir barna af eigin lífi og starfi eru uppspretta samræðna í hópnum og vangaveltur um misjafnar skoðanir og langanir eru til þess fallnar að auka víðsýni. Samvera fullorðinna og barna þar sem ýmist er verið að baða sig í ljóðum, lesa ótrúlega spennandi framhaldssögu, segja brandara eða hlusta á sögumann flytja Gípu eða segja frá atvikum úr æsku sinni, eru dýrmætar stundir þar sem mismunandi skoðanir koma fram. Börnin læra að hlusta á aðra og skiptast á skoðunum. Þá er líka brugðið á leik og hlegið saman, sungið og ýmsu komið á framfæri við börnin, eins og t.d. muna að koma með matarhugrekkið með sér á þorrablótið. Þessar stundir bera með sér vellíðan þar sem barn upplifir sig sem virkan þátttakanda og hluta af hóp.

Læsisleiðir Ægisborgar eru helstar þessar: Dagbókarstund, póstkassi, nafnspjaldanotkun, flettitafla, bókagerð, skráningar í ferilmöppur, viðhorf fullorðinna og sýnileiki ritmáls í umhverfi. Í hlutverkaleik eru leikmunir sem ýta undir myndun læsis. Í Ægisborg hafa börnin greiðan aðgang að bókum og sagnamenningu er gert hátt undir höfði.

Börnin eiga hvert sína ferilmöppu þar sem þau m.a. safna ýmsum gögnum sem tengjast beint og óbeint læsisverkefnum. Gögnin sýna framfarir og þróun hjá hverju barni og ferilmappan gegnir veigamiklu hlutverki í innra mati leikskólans. Allt starf er hægt að rýna með læsisgleraugum. Hvort sem um er að ræða vettvangsferð, hreyfistund í KR, framhaldssögulestur eða hvað annað sem dagurinn býður upp á, þá er leitast við að tengja það læsi á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt. Börn, foreldrar, starfsfólk, viðburðir í umhverfinu,



reynsla og hvað annað sem snertir fólk getur orðið kveikjan að skapandi læsisvinnu. Unnið er með þjálfun lestraráttar, uppbyggingu sögu (upphaf, miðja, endir), orðaforðastyrkingu, skráningar og upprifjun sögu eða reynslu. Mikið er unnið með einstaka bókstafi og hljóðgildi þeirra út frá nöfnum barna í gegnum leik og spjall. Unnið er út frá merkingarbærum texta sem hefur hagnýtt gildi fyrir börnin eða þegar tilefni gefur til.

Námsefnið Markviss málörvun er meðal læsisleiða elstu barnanna og svokallað HLJÓM-2 próf er lagt fyrir þau að hausti. Niðurstöðurnar hafa áhrif á vinnu hópsins og einstakra barna í markvissri málörvun. HLJÓM-2 byggir á sjö mismunandi verkefnum og leikjum sem reyna á mál- og hljóðkerfisvitund barnanna.

Áhugi barna, ýmsir viðburðir tengdir barnamenningu, styrkleikar kennara, gögn og efniviður, sem leikskólanum áskotnast, hafa hverju sinni mótandi áhrif á læsisleiðir Ægisborgar.

*Í hvíldinni lúri við lestur í bók.
-Áfram allir í leik.
Og læri svo vísu um vesti og brók.
-Áfram nú krakkar allir í leik.
(Úr Ægisborgarbragnum)*




Tveir menn berjast við kall sem er með rokkgítar.



HREYFING

Það er bjargföst trú
Ægisborgara að hreyfing
efli og styrki æsku
landsins og þess vegna er
hreyfingu gert hátt undir
höfði í leikskólanum. Það
er m.a. gert með því að
gefa henni góðan tíma
með útivist og í sal. Útivist
á hverjum degi er
kappsmál og sú hugsun
höfð að leiðarljósi að ekki



sé til vont veður heldur aðeins vond fót. Í Ægisborg er litið á útivist sem jafn mikilvægan uppeldisvettvang og starfsemi innanhúss. Útisvæðið gefur óþrjótandi tækifæri til þess að fræðast um lífið og tilveruna og hreyfa sig um leið. Hið fornkveðna stendur enn og á að vera kappsmál hvers einstaklings; að eignast heilbrigða sál í hraustum líkama.

Ægisborg og KR tengjast tryggðarböndum, en frá hausti 2008 til vors 2010 var unnið að þróunarverkefninu *Hreyfing, leikur, heilsubót* í samstarfi téðra aðila. Markmið verkefnisins var að auka við markvissa hreyfingu barnanna og efla samskipti þeirra við íþróttafélagið í hverfinu. Frá þeim tíma hafa KR og Ægisborg átt í samstarfi og verður vonandi um ókomna tíð. Frá unga aldri er gott að vera meðvitaður um gildi hreyfingar og þann heim sem stendur til boða í íþróttastarfi. Þannig er stuðlað að forvörn, heilbrigði og velferð. Í þróunarverkefninu varð til fyrirmyndar



verklag um starf ungra barna í stóru íþróttahúsi. Þrír elstu árgangar leikskólans hafa að jafnaði farið einu sinni til tvisvar í hverri viku út í íþróttahús. Í íþróttasalnum fara fram skipulagðar hreyfistundir, þar sem börnin leika með bolta, fara í þrautabrautir, hringi, kaðla, frjálsan leik, hlaupaleiki, ýta sér á bretti og margt fleira. Að fara í KR er meira en að skoppa í salnum. Börnin leiðast á milli húsanna og passa upp á félagan sinn. Þau gæta að umferð, veðri og náttúru á leiðinni og þegar í íþróttahúsið er komið eru þau gestir og taka tillit til húsreglna. Að hafa fataskipti er stórt verkefni fyrir unga krakka og í KR ferðunum gefast næg tækifæri til að æfa sig.



Markmið Ægisborgar tengd hreyfingu:

- Að efla jákvætt viðhorf barna til hreyfingar og þau átti sig á að hreyfing stuðlar að vellíðan, gleði og hreysti, auk þess sem hún styrkir sjálfsmynd og líkamsvitund.
- Að leggja grunn að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð barnanna til framtíðar.
- Hreyfing er forvörn og stuðlar að heilbrigðum lífsháttum.



Landlæknisembættið segir í bæklingi sínum um ráðleggingar í hreyfingu:

„Öll börn og unglingar ættu að hreyfa sig í minnst 60 mínútur daglega. Hreyfingin ætti að vera bæði miðlungserfið og erfið. Heildartímanum má skipta í nokkur styttri tímabil yfir daginn, t.d. 10-15 mínútur í senn. Hreyfingin ætti að vera eins fjölbreytt og mögulegt er til að efla sem flesta þætti líkamshreysti,...“

Lýðheilsa og forvarnir eru lykilhugtök í hreyfiuppeldi Ægisborgar. Hreyfing á að vera jákvæður og hversdagslegur viðburður, sem ásamt leik og umhyggju skapar börnum leikskólans vellíðan, gleði og öryggi.



LÝÐRÆÐI

Lýðræði í skólastarfi snýst öðrum þræði um daglega starfshætti skóla og hinum um menntun barna í lýðræðisþjóðfélagi og styrkja þau til virkrar þátttöku í því. Eins og segir í 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna: „Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska“. Í skólasamfélagi Ægisborgar er lögð rík áhersla á tilverurétt og tilveruskyldur allra þátttakenda, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna. Virðing, gleði og mildi eru lykilhugtök í nálgun leikskólans við lýðræði, en til þess að taka fallega og á jákvæðan máta þátt í samfélaginu er fátt betra til leiðsagnar en einmitt virðing og gleði. Höfuðáhersla á opnar spurningar, hlustun og samræður, hvar lítil áhersla er lögð á rétt eða rangt, hjálpar börnum vel á veg. *Það að vera Ægisborgari felur meðal annars í sér að vera áhrifavaldur um eigið nám og líðan.* Börnin taka þátt í og ákveða viðfangsefni og val, þau koma með hugmyndir í hópastarfi, hvert skuli haldið í vettvangsferðir, hvað skal gefa foreldrum í jólagjöf, ýmsar uppákomur og fleira.

Lýðræðismarkmið Ægisborgar:

- Í Ægisborg skulu allir hafa rík tækifæri til að njóta sín, óháð kynferði, getu eða bakgrunni.
- Ægisborg er lýðræðislegt samfélag þar sem foreldrar, kennarar og börn vinna saman um leið og þar er borin virðing og umhyggja fyrir öðrum og umhverfi. Börnin hafa áhrif á umhverfi sitt og hafa sjálf um líf sitt að segja.
- Í Ægisborg er fjölbreytileikanum fagnað og börnin temja sér samkennd, umburðarlyndi, tillitsemi og vináttu. -Orð og athafnir hafa áhrif.

Leiðir að lýðræði í Ægisborg:

Börnunum er skapað umhverfi og tækifæri til að þroska með sér samkennd og þor sem leiðir til samfélagslegrar virkni. Börnin fá aðstoð við að setja sig í spor annarra og þau hvött til að sýna samkennd, líta í eigin barm og skoða líðan sína. Í Ægisborg eru börn og kennarar vakandi fyrir nærumhverfinu og forvitin um það sem fyrir augu ber. Einnig er lögð áhersla á að endurnýta og ganga vel um. Í vettvangsferðum er náttúran og umhverfið skoðað og jafnvel myndað eða skráð á annan hátt. Grúsk með hjálp t.d. fróðra manna, bóka, leitarvéla og youtube, getur leitt til lærdómsævintýra.

Jafnréttisáætlun Ægisborgar er á heimasíðu leikskólans.



ÆGISBORG

og

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í Ægisborg er leitast við að uppfylla og vinna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna sem Ísland á aðild að. Hér eru nokkur dæmi þar sem starf Ægisborgar og barnasáttmálinn tengjast:

- Það er ekki gert upp á milli barna vegna þjóðernis þeirra, búsetu, félagslegrar stöðu o.s.frv.
- Farið er eftir reglum stjórnvalds hvað varðar öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna.
- Virtur er réttur barna til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif.
- Fjölskyldu- og einkalíf barnanna er virt.
- Starfsfólk er vakandi fyrir vanrækslu barna og brugðist er við ef eitthvað er að.
- Börnunum eru búnað aðstæður sem stuðla að auknum þroska þeirra.
- Aga er beitt á jákvæðan og mildan máta.



SJÁLFBÆRNI

Í leikskólanum verða börnin smám saman meðvituð um eigin vistspor, til dæmis með því að taka þátt í endurvinnslu og endurnýtingu hluta í átt til sjálfbærni um leið og þau átta sig á uppruna hlutanna eftir því sem kostur er á. Vistspor er gott og myndrænt hugtak, sem skýrir vel út hvernig gengið er um jörðina. Hvaða samskiptaspor manneskjan stígur, er ekki síður mikilvægt að þekkja og læra um. Það er vandi að fóta sig í félagslegum veruleika og hvernig stigið er til jarðar í þeim efnum hefur áhrif á þá sem umgangast okkur. Gott er að hafa að leiðarljósi að þátttaka manns í samfélagi skili því betur til komandi kynslóða en ella væri.


Úr frostinu hlējandi hlaupum við inn.
Áfram allir í leik.
En langbest er valstund og vinurinn minn.
Áfram nú krakkar allir í leik!
(Úr Ægisborgarbragnum)



Samstarfsaðilar og tengsl skólastiga

Nánustu samstarfsaðilar Ægisborgar eru foreldrar, en þar fyrir utan má nefna Grandaskóla, þjónustumiðstöðina Vesturgarð, KR, Bókasafn Seltjarnarness og leikhúsin í borginni.






Samstarf við foreldra

Í Ægisborg er lagt upp úr að foreldrar finnist þeir velkomnir í leikskólann og þeim líði vel þegar þeir skilja barnið sitt eftir í leikskólanum. Notaleg samskipti og gagnkvæmt traust er góður efniviður til samvinnu um uppeldi og nám barnanna. Engir tölvupóstar eða skilaboð koma í

stað samskipta að morgni og í lok dags, en mikilvægi daglegra tengsla verður seint ofmetið.

Fyrir börnin er afar gott að leikskólinn tengi *heimamenningu* þeirra við leikskólastarfið, rétt eins og þátttaka foreldra í leikskólanum er þeim uppörvun. Foreldrar eru velkomnir í leikskólann og oft geta þeir auðgað leikskólalífið með þátttöku sinni eða boði á vinnustað.

Þegar barn byrjar í Ægisborg er foreldri eða foreldrar og barn saman í svonefndri þátttökuaðlögun. Það þýðir að foreldrar eru öllum stundum með barni sínu fyrstu daga leikskólans og eru því til halds og trausts. Á aðlögunartíma gefst hvort tveggja foreldrum og kennurum gott tækifæri til að kynnast og skiptast á upplýsingum. Ef barnið er ekki bráðungt og þekkir vel viðskilnað við foreldra er oft vikið frá þátttökuaðlögun.



Góðar leiðir að samstarfi er að finna í ritum Reykjavíkurborgar Velkomin til samstarfs um leikskólabarnið og Fjölskylda og leikskóli – Handbók um samstarf. Þær sem lögð er mest áhersla á í Ægisborg eru:

- Að heilsa og kveðja af virðingu og vinsemd.
- Að foreldrar og starfsfólk skiptast reglulega á upplýsingum um líðan og stöðu barnsins.
- Heimasíða Ægisborgar geymir mikilvægar upplýsingar, fréttir og myndir. Tölvupóstur er góður samskiptamáti og auðvelt er að hringjast á ef eitthvað er, t.a.m. vegna veikinda og annars. Myndir skipta enn meira máli þegar barn og foreldrar tala litla íslensku.



- Dagbók og póstkassi. Í dagbók er ritað hvað baukað er á daginn, svo foreldrar geti lesið um það seinnipartinn og þá gjarnan með barni sínu. Póstkassinn er fyrir bréf að heiman. Bréfin, sem börnin skrifa með aðstoð fullorðinna, segja t.d. frá því sem þau gerðu um helgina eða í fríinu. Þannig má deila vitneskju um barnið og heim þess um leið og það verður kveikja að umræðum. Bréfin geymast síðan í ferilmöppu barnsins.
- Myndir eru gerðar foreldrum aðgengilegar á heimasíðu og stöku myndband er gert aðgengilegt foreldrum á lokuðu vefsvæði.

Í tengslum við afmælisdag Ægisborgar, 6. janúar, er haldin *foreldravika*. Þar eru foreldrar sérstaklega hvattir til að taka þátt í daglegu lífi leikskólans. Þeir eru með í útivist, segja sögu, leika á hljóðfæri eða hlaupa með í KR. Allt eftir löngun foreldra og barns.

Nokkrir viðburðir leikskólaársins gera ráð fyrir þátttöku foreldra eða fjölskyldu og má þar nefna, adventukaffi, KR-sýningu, vöfflukaffi að vori og karla- og konukaffi á bónda- og konudegi. Boðið er upp á tvö formleg foreldraviðtöl á ári, en starfsfólk er ávallt tilbúið til skrafs um nám barnanna og geta foreldrað óskað eftir viðtali hvenær sem þeir vilja.



Litið er svo á í Ægisborg að trúaruppeldi skuli alfarið vera í umsjá forráðamanna.

Foreldrafélag. Allir foreldrar barna í Ægisborg eru sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi leikskólans.

Markmið foreldrafélags Ægisborgar eru:

- að stuðla að aukinni samvinnu og góðum samskiptum á milli foreldra og starfsfólks leikskólans
- að taka virkan þátt í starfi barna við leikskólann með því að bjóða upp á ýmsar upptökur, ferðir og skemmtanir
- að gæta hagsmuna leikskólabarnanna og huga að aðbúnaði leikskólans í samvinnu við starfsfólk

Í stjórn foreldrafélags Ægisborgar sitja tveir til þrír foreldrar af hverri deild leikskólans. Einn úr þeirra hópi er kjörinn formaður félagsins og annar er kjörinn gjaldkeri. Stjórnarfundirnir eru opnir hverjum þeim sem hafa áhuga á að mæta og ræða einstök mál og einnig er hægt að senda fyrirspurnir eða ábendingar á meðlimi stjórnarinnar.




Foreldraráð. Í leikskólanum er samkvæmt lögum (90/2008) foreldraráð sem í sitja 3 foreldrar. Hlutverk foreldraráðsins er m.a. að lesa yfir starfsáætlanir leikskólans og vera til ráðuneytis og samstarfs um hvaðeina er að leikskólastarfinu snýr.

Samstarf við grunnskóla

Tengsl leikskóla og grunnskóla er einn mikilvægra þátta starfsins. Samstarfsskóli Ægisborgar er Grandaskóli. Markmiðið með samstarfinu er að auðvelda börnum leikskólans að hefja nám í grunnskóla að hausti sjötta aldursárs. Farið er í nokkrar heimsóknir yfir veturinn til að kynna börnunum komandi vettvang. Fyrst koma börnin sem voru í leikskólanum í heimsókn en eftir það fara 5 ára Ægisborgararnir í heimsóknir í Grandaskóla. Börnin kíkja á bókasafnið, fara í tónmennt, máta sig í heimastofu og skoða frístundaheimilið Undraland. Að vori er svo heimsókn þar sem er dvalið lengur og börnin fá að máta sig í bekk.

Leikskólarnir Grandaborg, Gullborg og Ægisborg ásamt Grandaskóla eru samstarfsaðilar í þróunarverkefni sem kallast *Læsi í leiðinni*. Verkefnið hefur hlotið styrk frá Þróunarsjóði Reykjavíkurborgar og snýst um að auðvelda börnum skólaskiptin og minnka líkur á að rof verði í námi þeirra. Vinna við verkefnið hófst í mars 2015 og því lýkur formlega á vormánuðum 2017.

*Við klifrum og rannsökum kvisti og brum.
Áfram allir í leik.
Á vorin er fallett í Vesturbænum.
Áfram nú krakkar allir í leik!
(Úr Ægisborgarbragnum)*




Sérkennsla

Öll börn í Ægisborg eiga rétt á kjöraðstæðum til náms óháð aldri, kyni og þroska. Styrkleikar hvers og eins eru metnir að verðleikum og stuðlað er að því að styrkja sjálfsmynd barnanna. Mikilvægt er að börnin verði sjálfstæð, þeim líði vel og njóti þess að vera hluti af hópnum. Sérkennslu er sinnt samkvæmt lögum, hvert barn á rétt á menntun við sitt hæfi.

Í Ægisborg er lögð áhersla á að bregðast strax við ef grunur vaknar um frávík. Stutt er við þroskaframvindu barns eins snemma og hægt er og ávallt unnið í samstarfi við foreldra. Námskrá er unnin fyrir hvert barn, þannig að það fái nám við hæfi. Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar reglulega, þar sem stuðst er við markvissar skráningar og matslista. Sérkennslan í leikskólanum fer bæði fram með einstaklingsþjálfun og í hópnum, eftir eðli máls og markmiðum hverju sinni.

Málörvunarhópar, leikhópar og spilahópar eru dæmi um hópa sem myndaðir eru til að vinna með ákveðna færni.

Lögð er áhersla á samstarf við alla sem koma að málum barns. Sérkennslustjóri er tengiliður við foreldra og fagaðila utan leikskólans, auk þess sem hann sinnir almennri ráðgjöf til foreldra. Sérkennarar deila með sér kennslu til að koma í veg fyrir einangrun sem getur skapast ef sérkennari og barn vinna ávallt tvö saman. Sérkennslustjóri ásamt öðrum sérkennurum sinnir ráðgjöf til starfsmanna deilda og er þeim innan handar við að skipuleggja kennslu sem tekur tillit til þarfa einstakra barna.



Mat á starfi Ægisborgar

Mat er flókin vefur þar sem ótal þræðir snertast og hafa áhrif hver á annan. Í Ægisborg er lagt upp úr að horfa, hlusta, skrá og meta þannig að hægt sé að bæta jafnóðum. Mat þetta fer til dæmis fram þegar börnin safna í og skoða ferilmöppur sínar. Einnig þegar þau tjá sig um leikskólalífið og þegar skoðað er hvaða leikefni, svæði og félaga börnin velja sér. En hver er tilgangur mats? Tilgangurinn er að standa vörð um réttindi barna, að menntun þeirra fari að




lögum um leikskóla og stuðla að umbótum og þróun leikskólastarfs þannig að gæði þess aukist. Umfram allt snýst það um að æskan sé heiðruð í Ægisborg. Niðurstöður mats eru birtar á heimasíðu leikskólans.

Ytra og innra mat

Ytra mat. Í Ægisborg eru lagðar rafrænar kannanir fyrir starfsfólk og foreldra um leikskólastarfið af hálfu Skóla- og frístundasviðs.

Innra mat. Innra mat Ægisborgar er samofið daglegu starfi leikskólans og fer reglulega fram á morgunfundum, deildarfundum, deildarstjórafundum og námskeiðs- og skipulagsdögum. Það þýðir meðal annars að það tekur til allra helstu þátta í starfi leikskólans og er hluti af daglegu starfi. Matið hefur þann tilgang að skoða að hve miklu leyti áherslum og markmiðum leikskólans hefur verið náð og er leiðbeinandi um næstu skref í skólastarfinu. Þar koma fram styrkleikar starfsins og tækifæri til umbóta. Áætlun um innra mat er gerð fyrir hvert ár og birtist í starfsáætlun Ægisborgar og segir fyrir um hvernig helstu þættir leikskólastarfsins eru metnir, t.a.m. markmið leikskólans, samvinna við foreldra, áhrif barna á leikskólalífið, starfsánægja og samskipti kennara, stjórnun og fleira. Með innra mati eru einnig metnar leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Matsgögn eru m.a. skráningar, ferilmöppur, samtöl við börn, Hljómpróf, samræður kennara og spurningakannanir meðal starfsfólks og foreldra. Í matsáætlunum koma fram upplýsingar um hvað á að meta, hvers vegna, hvernig, hvenær og hver ber ábyrgð á verkinu.

Stuttmyndir sem verða reglulega til í starfinu gefa glögga og skemmtilega mynd af starfinu og eru ómissandi þáttur í mati á leikskólalífinu.



Ferilmöppur

Ferilmappa er safn verka barna sem sýnir námsferil þeirra. Frá blábyrjun í Ægisborg safna börnin gögnum í möppuna sína með aðstoð kennara. Tilgangur möppunnar er að bregða ljósi á nám og þroska barnsins, framfarir þess og líðan. Ferilmappa getur sagt námssögu barnsins, hvað það getur og hvað það kann. Í ferilmöppunni má oft átta sig á áhugasviði barnsins og




kunnáttu. Börn og foreldrar hafa greiðan aðgang að ferilmöppunum og eru hvött til að draga þær af og til fram, en með því að skoða þær, átta börnin sig vel á framförum og minnst fyrri daga með upprifjun. Ósjaldan heyrst hlátur þegar börnin líta í möppurnar. „Hí, hí, þarna er ég með engan maga“, og svo framvegis. Í ferilmöppuna fara reglulega sjálfsmyndir, fréttir af vettvangsferðum, öll bréfin sem barnið kemur með að heiman, svo nokkuð sé nefnt, að ógleymdum skráningum.

Uppeldisfræðileg skráning er aðferð sem tengist vel áherslum Aðalnámskrár leikskóla á leik sem meginnámsleið barna og á lýðræðislegt leikskólastarf sem hefur jafnrétti að leiðarljósi. Hún gefst vel þegar leikskólastarfsemi er skoðuð og ígrunduð án fyrirframgefina hugmynda og viðmiða. Uppeldisfræðileg skráning er samstarfsverkefni starfsfólks sem nálgast nám barna með opnum huga.


Tímaáætlun mats. Á hverju ári eru metin samskipti og líðan barna, áherslur starfsáætlunar auk ýmissa viðburða leikskólaársins. Námskrá Ægisborgar er lifandi plagg sem tekur breytingum jafn óðum, ef skólasamfélagið kemur sér saman um breytingarnar. Aðrir þættir starfsins eru metnir reglulega eftir því hvað er verið að vinna með hverju sinni, svo sem samvinna við foreldra, samskipti deilda, tengsl við samstarfsaðila og þróunarstarf, endurvinnsla, aðbúnaður og efniviður, jafnréttisáætlun, lýðræði, heimasíða og þannig mætti lengi telja.

Heildarmat. Árlega tekur Skóla- og frístundasvið nokkra leik- og grunnskóla í svokallað heildarmat, þar sem ítarleg úttekt er gerð á skólastarfinu. Vorið 2014 var unnið heildarmat í Ægisborg. Niðurstöður heildarmats má finna á heimasíðu leikskólans.



Matsáætlun Ægisborgar 2015-2018

Viðfangsefni mats	2015-2016	2016-2017	2017-2018
Skólanámskrá – leikur, læsi, hreyfing, lýðræði	Já	Já	Já
Starfsáætlun	Já	Já	Já
Nám barna –Ferilmöppur,	*Uppeldisfræðilegar skráningar læsis *Stærðfræði	*Uppeldisfræðilegar skráningar læsis og lýðræðis	*Uppeldisfræðilegar skráningar stærðfræði *Hreyfing
Líðan barna	Líðan barna,	Líðan barna	Líðan barna
Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska	Stærðfræði	Lýðræði	Stærðfræði
Starfsfólk – líðan, starfsandi, starfsmannahandbók, samvinna deilda	Starfsmanna-handbók	Samvinna deilda	Starfsmanna-handbók
Aðbúnaður	Leikefni		Leikefni
Samstarf heimila og skóla	Já		Já
Ytri tengsl –grunnskóli, þátttaka í menningarviðburðum og tengsl við nærsamfélagið	Þátttaka í menningarviðb.		
Læsi í leiðinni. Þróunarstarf Ægisborgar, Grandaskóla, Gullborgar og Grandaborgar	Staða þróunarv.	Staða þróunarv.	Læsi í leiðinni
Umbótaáætlun v. heildarmats	Já		




Þróun sjálfsmyndarJóa. Fyrsta myndin er frá 2,8 ára og síðasta frá 5,8 ára aldri. Þegar hann gerði síðustu myndina sagðist hann vera í bílapeysu með fána í vasanum. Hann var að hvetja pabba sinn í keppni.



Starfsmannastefna

Starfsmannastefna Reykjavíkurborgar gildir fyrir Ægisborg. Starfsfólk Ægisborgar er sammála um að nýta sem best þann *mannauð* sem vinnustaðurinn geymir. Markmið hópsins er að skapa lærdómssamfélag barna og fullorðinna. Slíkt samfélag leggur áherslu á að einstaklingarnir deili með sér hugmyndum og þekkingu út frá hugsuninni að allir eru góðir í einhverju, en enginn getur allt. Lögð er áhersla á jákvætt samstarf um málefni leikskólans og að stjórnun hans einkennist af gagnkvæmu trausti og trú á getu starfsfólks og barna. Það er á samábyrgð allra starfsmanna að skapa og viðhalda jákvæðum starfsanda og skólabrag. Til þess er nauðsynlegt að gefa samræðum góðan tíma og hvetja til uppbyggilegrar gagnrýni með virðingu og gleði í huga.



Daglegt líf og dagskipulag


Verðmætasta stund dagsins er andráin. Börn og fullorðnir eru hvött til að njóta hennar í leikskólanum og leggja til hennar vinarþel og jákvæðni. Þess vegna er skipulag gott viðmið, en nægt svigrúm til að breyta út af ef nám og leikur krefjast. Samverustund getur vikið fyrir útivist af því það var grafa rétt fyrir utan lóðina eða varmasmiður fannst á stéttinni. Eins getur samveran dregist á langinn ef sagan er spennandi. *Skipulagið er því alltaf og aldrei eins.* Helstu kennileiti í skipulagslandinu eru matartímar og hvíld. Þess á milli er leikur og annað starf sem ræðst nokkuð af árstíð, hópnum og áhuga hverju sinni. Aldur ræður nokkru og þess vegna er munur milli deilda. Eðlilega þurfa yngri deildirnar tvær, Fjörudeild og Kot, lengri tíma til hvíldar og umhirðu en þær eldri. Hér á eftir verður stiklað á stóru um lífið í Ægisborg.

Í Ægisborg er lögð áhersla á hollan og góðan mat. Flest er unnið frá grunni og öll brauð eru bökuð á staðnum.

Hefðir og hátíðir eru margar í leikskólanum. Þar má nefna: afmæli barnanna, foreldradaga, karla- og konukaffi, afmæli Ægisborgar, þorablót, öskudag, útskriftarhátíð og útskriftarferð, KR-sýningu, íþróttahátíð, vorferð, sumarhátíð, dag íslenskrar tungu, aðventukaffi, litlu-jólin, foreldravíku og dag leikskólans svo nokkuð sé nefnt. Sumt er með foreldrum en annað ekki.



Heimasíða Ægisborgar er www.aegisborg.is og þar birtast helstu upplýsingar um leikskólann, stefnu hans og starf. Einnig rata þangað smáfréttir eftir því sem tími vinnst til. Á heimasíðunni er að finna matseðil fyrir mánuð í senn, en þar er einnig dagatal, hvar finna má mikilvægar dagsetningar skólaársins.



Hagnýtar upplýsingar

Öryggi. Haustið 2014 gaf menntamálaráðuneytið út Handbók um öryggi og velferð barna í leikskólum, en þar er sett viðmið um hvernig málum skal hagað í íslenskum leikskólum.

Dvalarsamningur. Gerður er dvalarsamningur um viðveru barns í leikskólanum. Samið er um vistunartíma í dvalarsamningi og er það sá tími sem barnið getur verið í leikskólanum daglega. Nauðsynlegt er að tíminn sé virtur því vinnutími starfsmanna er miðaður út frá dvalarstundum barnanna. Komi í ljós að breyta þurfi vistunartíma geta foreldrar óskað eftir því í gegnum Rafræna Reykjavík. Breytingar á vistunartíma er unnt að gera með mánaðar fyrirvara (fyrir 1. eða 15. hvers mánaðar), en uppsögn á leikskólaplássi þarf að vera skrifleg með minnst eins mánaðar fyrirvara og miðast við sömu dagsetningar.



Leikskólagjöld. Leikskólagjöld greiðast mánaðarlega fyrirfram með boðgreiðslum, beingreiðslum eða greiðsluseðlum, 11 mánuði á ári, en gert er ráð fyrir að öll börn taki 4 vikna sumarleyfi. Reglur um afslátt af leikskólagjöldum má nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Komi í ljós að ekki sé um rétta upphæð að ræða eru foreldrar beðnir um að láta leikskólastjóra vita af því.

Skipulags- og námskeiðsdagar eru samtals 6 á hverju ári. Þá er Ægisborg lokuð og starfsfólk leikskólans sinnir námi og skipulagsvinnu starfinu til heilla. Á dagatali leikskólans, sem fylgir starfsáætlun hvers ár, má sjá strax að hausti hvenær þessir dagar eru fyrirhugaðir. Ef breytingar verða eru þær auglýstar með þriggja vikna fyrirvara að lágmarki.



Að koma með barn eða sækja í leikskólann. Þegar barn byrjar í leikskólanum ganga foreldrar frá því hverjir hafi leyfi til að sækja barnið. Komi til að aðrir sækji barnið, en þeir sem skráðir eru, verður að láta starfsfólk viðkomandi deildar vita. Það samrýmist ekki reglum að afhenda börnin öðrum en þeim sem foreldrar hafa gefið leyfi til þess arna og þurfa þeir einstaklingar að vera orðnir 12 ára. Þegar komið er með barn í leikskólann er nauðsynlegt að láta starfsfólk alltaf vita um komu þess, svo ekki fari á milli mála að það sé mætt í leikskólann. Ekki er síður mikilvægt að láta starfsfólk alltaf vita þegar barn er sótt.

Veikindi barna og fjarvera. Leikskólinn tekur ekki á móti veikum börnum. Fá barn smitsjúkdóm verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg, fyrirbyggjandi ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og vernda önnur börn og starfsfólk. Í stöku tilfelli kemur fyrir að barn þarfnast inniveru eftir veikindi, en þá þurfa foreldrar að ræða það við starfsfólk deildarinnar. Hafi starfsfólk tök á er möguleiki á 1 - 2 dögum meðan fullri starfsorku er náð. Allar fjarvistir þarf að tilkynna leikskólanum.

Lyfjagjöf á leikskólatíma. Ef börn þurfa á lyfjum að halda ber að haga lyfjagjöf þannig að lyfin séu gefin heima en ekki í leikskólanum. Undantekningar eru til frá þessu og ber að ræða þær við deildarstjóra.

Leikskólataskan. Mikilvægt er að börnin hafi þægilegan klæðnað meðferðis, sem hentar veðri. Tíðin getur verið misjöfn á Íslandi segja óljúgfróðir og best að vera við öllu búin. Afar mikilvægt er að börnin hafi með sér aukafatnað og einnig er brýnt að merkja flíkurnar svo þær rati frekar á réttan stað. Afbragðsráð er að fara yfir leikskólatöskuna og hólfið fyrir hvern dag. Í lok dags á föstudögum skal tæma hólf barnanna svo þrif gangi greiðlega fyrir sig. Í Ægisborg háttar þannig til að leikskólatöskurnar eru oftast geymdar á hillu fyrir ofan hólfið barnanna. Þess vegna er brýnt að börnin komi ekki með "hjólatöskur" eða harðar, til öryggis ef þær falla niður af hillunni.



Í leikskólanum er unnið með margvísleg efni, svo sem lím, liti og málningu, sem geta farið í fót barnanna. Þess vegna er ekki æskilegt að börnin komi í betri fötunum í leikskólann! Þau börn sem nota bleiu koma með þær að heiman.



Afmæli. Afmældisdagur hvers barns er einn stærsti dagur í lífi þess. Haldið er upp á hann í leikskólanum. Afmælisbarnið fær kórónu og er haft í öndvegi allan daginn. Afmælissöngurinn er sunginn og barnið fær að velja fyrst ef svo er í pottinn búið. Aukinheldur kemur mynd af barninu í dagbókina og þar fær það veglega umfjöllun. Við viljum vekja athygli á því að á afmælum er ekki þörf á því að börnin hafi með sér veitingar að heiman, þar sem vel er hægt að gleðjast án þeirra. Ef börn og foreldrar vilja bjóða upp á eitthvað er alltaf gott að bjóða upp á góða ávexti. Einnig er hægt að gera sér dagamun í því að hafa með sér uppáhalds bókina eða geisladiskinn eða skrifa afmælisbréf í póstkassann.

Boðskort í afmælisveislur eiga ekki að koma í hólf barnanna, utan það að ætlunin sé að bjóða öllum á deildinni, öðru kyninu eða aldurshópnum. Við viljum benda á að unnt er að fá símanúmer hjá starfsfólki deildanna og bjóða símleiðis. Vitanlega kemur leikskólanum ekki við hvað foreldrar hafa fast að heima, en töluverð hjálp yrði í því ef skýr skipting yrði á því hverjum er boðið og hverjum ekki. Mikilvægt er að hafa skiptinguna skýra svo börnin sem ekki eru boðin skilji af hverju. Þannig er líka frekar komið í veg fyrir að einhver verði útundan.



Börnin í Ægisborg lánuðu myndirnar sínar til að bæta námskrána. Við færum þeim kærar þakkir fyrir það. Einnig hjálpuðu nokkur elstu barnanna við ritun kaflaheita. Gullkornin hafa fallið í dagsins önn.

